
N O R Ð F I R Ð I N G U R *Rann*

2. tölublað 1987

11. árgangur

ÁRSHÁTÍÐ

Norðfirðingafélagsins verður haldin að
Hótel Loftleiðum, Víkingasal, föstudaginn
27. marz 1987 kl. 19:30 stundvíslega.

Matseðill: Villisveppasúpa

Heilsteikt grísafillé með rjóma-
estragonsósu, hrásalati, tveim
teg. heitu grænmeti og bökuðum
kartöflum

Koníaksís

Café et morceaux de chocolat
invite d'Hótel Loftleiðir

Rúsínan í pylsuendanum

(smágjöf handa öllum matargestum)

Hátíðarræða: Ragnar Sigurðsson frá Tröllanesi.

Skemmtiatriði: Sigrún Hjálmtýsdóttir (Diddú)
syngur létt lög.

Happdrætti: margt góðra vinninga.

Dans og vínveitingar.

Miðaverð kr. 1.800,-

Viðtakandi: *Eyþór Einarsson*
Bólstaðhlíð 66
105 Reykjavík

Árshátíð Norðfirðingafélagsins verður haldin föstudaginn 27. marz 1987 að Hótel Loftleiðum, Víkingasal. Hátíðin hefst með borðhaldi kl. 19:30 stundvíslega.

Hátíðargestir okkar að þessu sinni verða hjónin Kristín Lundberg og Ragnar Sigurðsson sparisjóðsstjóri (Ragnar frá Tröllanesi), en hann mun flytja hátíðarræðu kvöldsins. Ragnar hefur alið allan sinn aldur heima á Norðfirði og mun vafalítið luma á einhverju skemmtilegu efni að heiman. Við skulum bara bíða og sjá!

Við fáum Sigrúnu Hjálmtýsdóttur (Diddú) í heimsókn. Hún mun syngja nokkur létt lög fyrir okkur.

Það er orðinn fastur liður að efna til happdrættis á árshátíðum félagsins. Nokkrir velunnarar Norðfirðingafélagsins hafa verið svo rausnarlegir að gefa félaginu margt góðra muna, sem dregið verður um í happdrættinu. Meðal vinninga er flug og dvöl í sumarhúsi á Norðfirði fyrir tvo í eina viku í sumar þ.e.a.s. tveir flugfar-seðlar Reykjavík - Norðfjörður - Reykjavík á tímabilinu 20.06. - 20.08.1987. Þennan vinning gefa Olla Hannesar og Jóhanna Óskars. ásamt mökum og eru þeim færðar

beztu þakkir fyrir rausnarlega gjöf.

Fjöldasöngur verður undir borðhaldinu eins og venjulega.

Veizlustjóri með fullð magt verður enginn annar en Friðjón Guðröðarson sýslumaður, fyrsti formaður okkar ágæta félags.

Að loknu borðhaldi verður stigin dans af miklu fjöri við undirleik danshljómsveitarinnar "Stuðlar" ásamt söngkonunni Önnu Vilhjálmsdóttur.

Ef einhverjir sjá sér ekki fært að mæta fyrr en að loknu borðhaldi þá verður seldur sérstakur aðgangur á ballið og kostar þá miðinn kr. 500,-

Við viljum hvetja félagaga til þess að panta miða í tíma hjá:

Elsu Chr.	36492	Jóhönnu Ósk.	42232
Jóni Guðm.	43499	Ólöfu Hannesar	75506

Miðarnir verða síðan seldir að Hótel Loftleiðum miðvikudaginn 25. marz frá kl. 17 -19 og borð tekin frá á sama tíma.

Hið árlega sólarcaffi félagsins var haldið í Safnaðarheimili Bústaðakirkju 1. febrúar s.l. Þátttaka var mjög góð. Mættir voru talsvert á þriðja hundrað manns í heima- bakaðar "sólarpönnukökur" og annað bakkelsi

sem félagskonur sáu um af alkunnum myndar-
skap. Færir stjórnin þeim hér með beztu
þakkir fyrir myndarskapinn.

Kristinn Jóhannsson sendi okkur fréttabréf
að heiman, sem lesið var upp af formanni
félagsins og færum við Kristni sérstakar
þakkir fyrir vikið.

MUNIÐ ÁRSHÁTÍÐINA 27. MARZ N.K.

Mætum öll í hátíðarskapi
Góða skemmtun!

NORÐFIRÐINGUR

Útgefandi: Norðfirðingafélagið
Espigerði 4, 108 Reykjavík.
Ritstjóri: Elsa Christensen